



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 7. desember 2020
Tilvísun í mál: PON20110018

Til innkaupa- og framkvæmdaráðs
Borgartúni 12-14

Efni: Beiðni um samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar

Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkurborgar (hér eftir „UTR“) óskar eftir heimild innkaupa- og framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar til að viðhafa samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar í samræmi við b-lið 1. mgr. 26. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar, sbr. og b. lið 39. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016, til kaupa á ráðgjafapjónustu Gartner Ireland Limited (hér eftir „Gartner“).

UTR óskar eftir því að fá heimild innkaupa- og framkvæmdaráðs til að kaupa þjónustu Gartner til tveggja ára. Heildarfjárhæð til tveggja ára er 185.300 evrur eða um kr. 28.000.000,- miðað við núverandi gengi gjaldmiðla.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Friðbjörg Bergmann
Upplýsingatæknistjóri
Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkurborgar



Reykjavík, 7. desember 2020
Tilvísun í mál: PON20110018

Til innkaupa- og framkvæmdaráðs
Borgartúni 12-14

Efni: Beiðni um samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar

Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar (hér eftir „UTR“) óskar eftir heimild innkaupa- og framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar til að viðhafa samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar í samræmi við b-lið 1. mgr. 26. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar, sbr. og b. lið 39. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016, til kaupa á ráðgjafþjónustu Gartner Ireland Limited (hér eftir „Gartner“).

UTR óskar eftir því að fá heimild innkaupa- og framkvæmdaráðs til að kaupa þjónustu Gartner til tveggja ára. Heildarfjárhæð til tveggja ára er 185.300 evrur eða um kr. 28.000.000,- miðað við núverandi gengi gjaldmiðla.

Forsaga

Árið 2019 hófst vinna við að skilgreina vegferð UTR. Sú vinna hefur miðað að því að kortleggja hvaða tæknilegu hæfni og þarfir UTR þarf að uppfylla á komandi árum til að geta þjónað því hlutverki sem skrifstofunni hefur verið falið að sinna innan Reykjavíkurborgar. Um mitt ár 2020 hófst svo vinna UTR við að skilgreina stafræna vegferð borgarinnar. Báðum verkefnum er enn ólokið. Þá gerist reglulega þörf á aðstoð ráðgjafa við mál tengd hugbúnaðarleyfum Reykjavíkurborgar og kröfur hugbúnaðarframleiðenda um greiðslu fyrir ætluð not hugbúnaðar.


Greinargerð

Að mati UTR kemur einungis til greina að semja við Gartner sem ráðgjafa við framangreinda vinnu þar sem aðeins Gartner uppfyllir allar þarfir Reykjavíkurborgar fyrir ráðgjöf og endurmenntun starfsmanna Reykjavíkurborgar. Þar með sé ekki um samkeppni að ræða á milli Gartner og annarra fyrirtækja um samning við Reykjavíkurborg af tæknilegum ástæðum, sbr. b. lið 1. mgr. 39. gr. laga um opinber innkaup. Þannig býður Gartner upp á sívirka ráðgjöf byggða á reynslu jafningja Reykjavíkurborgar erlendis (e. peer level advisors) og samvinnu á milli viðskiptavina Gartner (e. partnership) sem önnur ráðgjafafyrirtæki bjóða ekki upp á. Með því er m.a. átt við að starfsmenn Reykjavíkurborgar geti komist í beint samband við starfsmenn borgar erlendis og fengið innsýn í og dregið lærdóm af því hvernig aðrar borgir í sambærilegri stöðu og Reykjavíkurborg hafa tekist á við áskoranir.

Jafnframt er ekkert fyrirtæki sem hefur yfir jafn umfangsmiklum rannsóknum eða gagnagrunni að ráða eins og Gartner á sviði upplýsingatækni. Reykjavíkurborg þarf á aðgangi að rannsóknum og gagnagrunni Gartner að halda þar sem UTR er enn í umbreytingu hvernig þróun á upplýsingatækniinnviðum ásamt að Borgarráð hefur ákveðið að fara í stafræna vegferð næstu 3 árin því er nauðsynlegt að hafa aðgengi að Gartner til að nýta fjármagnið sem best. Auk þess sem að Gartner leiðbeinir og veitir viðskiptavinum sínum ráðgjöf um heimildaöflun úr gagnagrunni sínum sem og aðstoðar við úrvinnslu, veitir ráðgjöf um útfærslu og fylgir innleiðingu viðskiptavina sinna eftir. Önnur fyrirtæki bjóða ekki upp á slíka þjónustu. Aðgangur að rannsóknum, reynslusögum og stjórnendum í sambærilegum stöðum í erlendum fyrirtækjum mætir að miklu leyti þörf fyrir sí- og endurmenntun stjórnenda Reykjavíkurborgar, sem telja verður nauðsynlega sökum stöðugra breytinga og þróunar í upplýsingatæknigeiranum.

Þá hefur Gartner þróað aðferðarfræði sem önnur fyrirtæki bjóða ekki upp á og Reykjavíkurborg þarfnast, svo sem IT market clock, Hyper cycle, Magic quadrant, auk aðferðafræði t.d. við mat á tækniþroska skipulagsheilda sem og aðferðafræði stefnumótunar fyrir skapandi greinar, þá sérstaklega upplýsingatæknigeirann. Nauðsynlegt er fyrir Reykjavíkurborg að nota umrædda aðferðarfræði til að velja bestu mögulegu lausnir í stafrænni vegferð Reykjavíkur með að hafa aðgengi rannsóknum og sérfræðipækkingu Gartner um hvaða upplýsingatækni framleiðendur eru leiðtogar á sínu sviði.

Þá er fyrirtækið hlutlaust gagnvart hugbúnaðarframleiðendum og ráðgjöf þeirra því nauðsynleg í tengslum við kröfur þeirra um greiðslur vegna ætlaðrar leyfanotkunar sem og við þróun stafrænnar vegferðar Reykjavíkurborgar.



Friðbjófur Bergmann
Upplýsingatæknistjóri
Upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar